



**81. fundur Fjölskylduráðs Múlapings
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 26. september 2023
og hófst hann kl. 12:30**

Fundinn sátu:

Sigurður Gunnarsson formaður, Björg Eyþórsdóttir varaformaður, Alda Ósk Harðardóttir varamaður, Einar Freyr Guðmundsson varamaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir aðalmaður, Eyþór Stefánsson aðalmaður, Jóhann Hjalti Þorsteinsson aðalmaður, Þórlaug Alda Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir fræðslustjóri, Júlía Sæmundsdóttir félagsmálastjóri, Þórunn Bylgja Borgþórsdóttir íþrótt- og æskulýðsstjóri, Aðalheiður Árnadóttir starfsmaður fjölskyldusviðs, Björn Ingimarsson sveitarstjóri, Stefanía Malen Stefánsdóttir starfsmaður fjölskyldusviðs og Marta Wium Hermannsdóttir starfsmaður fjölskyldusviðs.

Fundargerð ritaði: Bylgja Borgþórsdóttir, íþrótt- og æskulýðsstjóri

Dagskrá:

1. 202309146 - Innsent erindi frá Austur líkamsrækt

Fyrir liggur erindi frá Gabríel Arnarsyni, fyrir hönd Austur líkamsræktar, sem barst í tölvupósti 14. september 2023 varðandi samtal um rekstur líkamsræktarstöðva á Egilsstöðum.

Undir þessum lið mættu Gabríel Arnarson, fyrir hönd Austur, og Guðmundur Birkir Jóhannsson, forstöðuaðili íþróttamiðstöðvarinnar á Egilsstöðum.

Fjölskylduráð þakkar Gabríel og Guðmundi kærlega fyrir komuna og fyrir góðar umræður.

Starfsmanni falið að afla þeirra upplýsinga sem þarf til að hægt sé að halda áfram með málið.

Að öðru leyti er málið í vinnslu.

2. 202301163 - Skíðasvæðið í Stafdal

Fyrir liggur minnisblað starfshóps um Stafdal, dagsett 20. september 2023, sem unnið var skv. erindisbréfi hópsins ásamt fylgigögnum.

Þakkar fjölskylduráð starfshópnum kærlega fyrir góða vinnu og vísar niðurstöðu hans til vinnu við fjárhagsáætlun ársins 2024.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

3. 202305011 - Fjárhagsáætlun íþrótt- og æskulýðsmála 2024

Í vinnslu.



- 4. 202010555 - Skýrsla ípróttá- og æskulýðsstjóra**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00

